

og vísast málinu frá undirrjettinum. Hinn stefndi, Sigurpáll Árnason, greiði áfrýndunum, eigendum Skarða, 30 krónur í málskostnað, er lúkest innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 24/1887.

Bjarni Bjarnason

gegn

Birni Benidiktssyni Blöndal.

D ó m u r :

Mál þetta er höfðað í hjeraði af Birni bónda Benidiktssyni Blöndal gegn Bjarna bónda Bjarnasyni á Umsvölum, til þess að fá hann dæmdan til að greiða sjer andvirði kvígu, 60 krónur, er Bjarni hefði af honum keypt. Með dómi aukarjettar Húnavatnssýslu, upp kveðnum 18. jan. þ. á. af sýslumanninum í Skagafjarðarsýslu Jóhannesi Ólafssyni sem setudómara, var áfrýjandinn, Bjarni Bjarnason, dæmdur til þess, að greiða hinum stefnda, Birni B. Blöndal, andvirði um-getinnar kvígu, 60 krónur, 5% vexti af þessari upphæð frá sáttakærudegi til borgunardags, og 4 kr. fyrir hirðingu á kvígunni og hagatoll, og loksins 200 kr. í málskostnað. Dómi þessum hefur Bjarni Bjarnason áfrýjað til yfir-dómsins með stefnu, dags. 1. apríl þ. á., og krafizt þess fyrst og fremst, að dómurinn og öll meðferð málsins í hjeraði verði dæmt ómerkt og málinu vísað frá hjeradsrjettinum, en til vara hefur hann krafizt þess, að hann verði algjörlega sýknaður af kröfum hins stefnda; svo hefur hann og krafizt, að hinn stefndi verði dæmdur til að greiða allan kostnað málsins bæði fyrir undir- og

yfirdómi, hvernig sem úrslit málsins annars verða. Á hinn bóginn hefur hinn stefndi farið fram á, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og að áfrýjandinn verði dæmdur til að greiða allan kostnað málsins fyrir yfirdómi.

Að því snertir ónýtingarkröfu áfrýjandans, þá hefur hann viljað rök-styðja hana með því, að hinn stefndi hafi gefið öðrum manni umboð til að mæta sín vegna og gæta rjettar síns í málinu fyrir aukarjettinum 2. okt. f. á., að þessi sami umboðsmaður hafi aptur mætt af hendi stefnda í rjettinum 14. jan. þ. á., án þess þá að hafa nýtt eða sjerstakt umboð til þess, og að þá þegar hafi komið fram af hálfu áfrýjanda mótmæli gegn lög-mæti umboðsmannsins, og krafa um frávísun málsins fyrir þá skuld. Það er nú að vísu rjett, að umboð það, dags. 29. sept. f. á., er hinn stefndi gaf umboðsmanni sínum í hjerði, nær að eins til rjettarhaldsins í málinu 2. okt. f. á. eptir ótvíræðum orðum þess; en það er á hinn bóginn ljóst af máls-skjölunum, að hinn stefndi var sjálfur við rjettarhöldin 14. jan. þ. ár,—að minnsta kosti við hin 2 síðari rjettarhöld þann dag—, og lýsti því þar yfir, að það væri vilji sinn og meining, að umboðsmaður sinn (faðir hans) framhjeldi málinu til dóms í hjerði, og getur því síður vafi verið á, að slík yfirlýsing hans sje góð og gild og í tíma fram komin, sem umboðsmanninum jafnvel ekki hefði verið neitað um stuttan frest til að sanna umboð sitt, ef á hefði þurft að halda. Ónýtingarkrafa áfrýjanda verður því ekki til greina tekin, og kemur því aðalefni málsins til álita.

Milli málspartanna er enginn ágreiningur um það,

að áfrýjandi hafi vorið 1886 keypt kvígu af hinum stefnda fyrir 60 krónur, er skyldu greiðast í næstu fardögum. En áfrýjandi heldur því fram, að kaupin hafi verið bundin þeim skildaga, að kvígan væri með kálfi, sem hún ekki hafi reynzt. Hinn stefndi á hinn bóginn neitar því, og segir að kaupin hafi verið með öllu skil-dagalaus, að hann hafi tekið það fram, að hann gæti ekki ábyrgzt að kvígan væri með kálfi, og að áfrýjand-inn jafnvel hafi sagt, að það gildi þá einu, því hann hefði áður átt geldneyti, og þessi sögn hins stefnda virðist löglega sönnuð undir rekstri málsins með fram-burði þeirra vitna, er hinn stefndi hefur leitt, enda ekki sannað að kvígan hafi verið tímalaus.

Það verður því að dæma áfrýjanda til að greiða hin-um stefnda andvirði opt-nefndrar kvígu, 60 krónur, og 5% vexti af þessari upphæð frá sáttakærudegi til borg-unardags; en fyrir hirðing á kvígunni og hagatoll verður honum ekkert dæmt, því það er ekki farið fram á það í hjeradsdóms-stefnunni.

Málskostnað virðist áfrýjandi eptir málavöxtum eiga að greiða hinum stefnda bæði fyrir undir-rjetti og yfir-dómi, og skal hann ákveðinn 80 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandi, Bjarni Bjarnason, á að greiða hinum stefnda, Birni B. Blöndal, 60 kr. og 5% vexti af þessari upphæð frá sáttakærudegi til borgunardags, svo og málskostnað bæði fyrir undir- og yfirdómi með 80 krónum.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-birting hans undir aðför að lögum.